

Íþarabroddi í 40 ár

 Benelli

þáttumála að ólum nýjum byssum



Dreifing:

 Veidihúsid

Hólmarslöð 4 • 101 Reykjavík • Sími 562-0095/897-1719 • [www.veidihusid.is](http://www veidihusid.is)



Snertu á nýjum ævintýrum



Garmin Oregon™ GPS með snertiskjá.

Oregon GPS handtæki með snertiskjá gerir alla útvist einfaldari. Þetta sterkyggða og vatnsheldra leiðsögutæki er afar einfalt í notkun og færir þér björt þrívildarkort, hæðarmæli með loftvogr auð áttavita á silfurfati. Hvort sem þú ert í fjallgöngu, á hjóli, í bílnum eða bátnum, það eina sem þarf að gera er að snerta skjáinn og halda af stað. Útvistin verður bara skemmtilegri. Þú getur deilt leiðum og upplýsingum með vinum þínum eða sett aukakort fyrir það svæði sem þú ætlar að fara, hvort sem þú fylgir vegi, vatni eða ert í óbyggðum. Garmin Oregon kemur þér í snertingu við ævintýrin.

Fylgdu þeim fremsta!

www.garmin.is

GARMIN®

Eftirfarandi greinum birtast skoðanir og viðhorf greinahöfunda sem endurspeglar ekki alltaf skoðanir og viðhorf Umhverfisstofnunar. Með birtingu greinanna er ekki verið að taka afstöðu til efnis þeirra.



4

5

6

7

8

8



14

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

36

37

38

39

40

41

42

43

44

45



EFNISYFIRLIT

LEIÐARI

SKIL Á VEÐISKÝRSLUM

ÚTGEFIN VEÐIKORT 1995-2008

ÚTHLUTANIR ÚR VEÐIKORTASJÓÐI FRÁ UPPHAFI
STAÐA VEÐISTOFNS LUNDA Í VESTMANNAEYJUM
ALDURSGR. GÆSA MED FJÓÐUR ÚR DVERGVARÐ

HÆTTUSVID HAGLASKOTA

ENDURKAST HAGLASKOTA

DAGBÓK YFIR SKOTANÝTINGU

MIKILVÆGI VEÐISKÝRSLNA

SKRÁNING VEÐISVÆÐA Á VEÐISKÝRSLU

ER HÆGT AÐ FJÖLGA ÍSLENSKU HRENDÝRUNUM?

MINKAVEÐIÁTAK Í EYJAFÍRÐI OG Á SNAEFELLSNESI

VEÐITÖLUR

SKILAHPAPPDRÆTTI UST 2009

MEDFERÐ SKOTVOPNA UM BORD Í BÁT

FRIÐLÖND

LISTI YFIR FRIÐLÖND

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostáður með auglysingum.

Borgir v/Norðurslóð - 600 Akureyri Sími: 460 7900 • Bréfasími: 460 7901

Heimasíða: www.ust.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsíðu: Einar Guðmann

Prentun: Ásprent - 600 Akureyri • Sími 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson

Umþrot og hönnun: Einar Guðmann

Ábyrgðarmaður: Hjalti J. Guðmundsson

Útgáfunúmer UST-2008:01



UMHVERFISSTOFNUN

Leiðari

Um áramótin 2007 og 2008 urðu breytingar á skipuritum stofnunarinnar eins og knynt var í leiðara. Veiðidagbókar 2008. Nú hefur þetta nýja skipurit verið við lýði í eitt ár. Veiðistjórnunarsvið varð að deild lífríkis og veiðistjórnunar innan Nátturaútlindasvið sem Hjalti J. Guðmundsson stýrir. Deildin er staðsett á Akureyri. Starfsemin í dag er mun fjölbreyttari en áður. Verkefni sviðsins höfðu að mestu snúist um veiðistjórnun en með breytingunum bætast við lífríkismál, dýravernd, verkefni tengd líffraðilegum fjölbreytileika ofl. Á Akureyri starfa sex manns og að auki er einn starfsmaður á Egilsstöðum sem sér um mál tengd hreindýrum.

Veiðidagbókin

Hefð hefur verið fyrir að senda veiðidagbók með veiðikortum. Bókin hefur verið vettvangur til að koma upplýsingum til veiðimanna og einnig hafa verið í bókinni greinar sem gjarnan hafa verið unnar upp úr rannsóknum sem styrktar hafa verið af veiðikortasjóði. Undanfarin ár hefur veiðidagbókin verið nokkuð stöðluð en hefur nú verið frískuð aðeins upp. Þó er enn haldið í það að hafai bókinni

greinar fræðilegs eðlis sem tengjast veiðum. Í miðju bókarinnar er enn dagbókarform sem ég hvet veiðimenn til að nýta sér og færa inn upplýsingar um veiði sína að loknum veiðidegi til þess að geta betur rifjað upp liðnar veiðiferðir.

Veiðiskýrslur

Frá því veiðikortakerfið var stofnað árið 1995 hafa safnast saman miklar upplýsingar frá veiðimönnum um veiðar og stöðugt bætist í. Þessar tölur eru afar mikilvægar fyrir fræðimenn og eru notaðar í rannsóknum, ekki bara innanlands heldur einnig erlendis þar sem við deilum sumum fuglastofnum með fleiri löndum. Nú er stefnt að því að gera veiðitolur aðgengilegar á netinu fyrir almenning. Hægt verður að sjá samantekt á ýmsum heildartöllum t.d. þróun veiða, meðaltöl um fjöldu veiðimanna sem veiða ákveðnar tegundir ofl. Það er ekki búið að tímasetja hvenær þetta verður en stefnt er á að hefja vinnu við verkefnið á þessu ári. Frekari kynning verður á þessu þegar þar að kemur. Það er von okkar að áfram verði gott samstarf milli stofnunarinnar og veiðimanna þannig að þær upplýsingar sem lesa má úr skýrslunum verði sem sannastar.

Skil á veiðiskýrslum

Að síðastliðnu ári var gerð talsverð breyting á lögnum um vernd, friðun og veiðar á viltum fuglum og viltum spendýrum hvað varðar skil á veiðiskýrslum. Alþingi samþykkti lög um hækkan veiðkortagjalds í 3,500 kr. og sett var inn ákvæði um skilafrest á veiðiskýrslum að þeir sem skila inn skýrslum eftir 1. apríl greiði herra gjald, 5,000 kr. fyrir veiðikortið. Til þess að komast hjá að borga hærra gjaldið þurfa menn því að skila inn veiðiskýrslu fyrir 1. apríl. Ég vil vekja athugið á að verið er að tala um skýrsluskil. Þessi aukni kostnaður er ekki háður því hvenær kortið er greitt, einungis því hvenær skýrslu er skilað.

Veiðikortakerfið er þannig upp byggt að veiðimenn fá ekki að endurnýja veiðikortið nema skila veiðiskýrslu undangengins árs. Þetta hefur leitt af sér að skýrsluskil hafa almennt verið nokkuð góð. Árlega endurnýja milli tíu og ellefu þúsund manns veiðikortið og um 90% þeirrar skila svo veiðiskýrslu. Það hefur reyndar verið svo að sumir veiðimenn hafa skilað veiðiskýrslum seint á árinu. Helsta ástæða þess er að þeir eru ekki vissir um að þeir ætti til veiða og biða þá

með að senda inn umsókn þar til líður að veiðiferð. Þá eru veiðiskýrslurnar hugsanlega að berast inn u.p.b ári eftir að veiðin fór fram. Þessum mónum er rétt að benda að það er hægt að skila inn skýrslu og merkja í umsóknina að ekki sé óskað eftir endurnýjun. Það er þá lítið mál að afgreiða kortið ef peir ákveða síðar að fara til veiða.

Önnur ástæða fyrir síðbúnum skýrsluskilum sem gjarnan er nefnd er að menn hafi litíð eða ekkert veitt og þess vegna talið að ekkert lægi á þeirra skýrslu. Þessu er til að svara að á meðan veiðiskýrslan liggur ekki fyrir er ómögulegt fyrir okkur að vita hvort hún sé nálluskýrla eða ekki.

Í janúar sendir Umhverfisstofnun skýrslueyðublað með pósti á alla veiðikorthafa eða aðgangsorð að skilavefnum með tölvupósti. Af u.p.b 20.000 veiðikorthöfum fá um 15.000 sent aðgangsorðið í tölvupósti.

Reynslan hefur sýnt að um 10% þeirra hafa skipt um netfang og fá því ekki tölvupóstinn. Það er því nauðsynlegt fyrir veiðimenn að tilkynna Umhverfisstofnun breytingar á tölvupósti til þess að aðgangsorðið berist í tíma.

Útgefin veiðikort 1995-2008

Fjöldi útgefinna veiðikorta, tekjur og kostnaður.

Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Greidd veiðikort	Tekjur	Rekstrarkostn.
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8
2008	11.347	10.430	10.424	24,9	12,0

Árið 2008 var úthlutað úr Veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	2.874.497,-	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Aldursgreining grágæsa	1.400.000,-		Arnór Þórir Sigfusson
Aldursgreining grágæsa með fjöldum úr dvergvæng	1.000.000,-		Halldór Walter Stefánsson

Úthlutanir úr veiðikortasjóði frá upphafi

Tölurnar eru samantekt sem nær yfir árin 1995-2008. Einstakir liðir eru enn fremur heildartölur sem geta náð yfir nokkr ár.

Veiðikortasjóður

Á hvert auglýsir Umhverfisráðuneytið eftir umsóknunum um styrki úr Veiðikortasjóði til rannsókna á stofnum villtra dýra sem falla undir lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ráðuneytið veitir styrkina að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

Styrkirnir eru veittir samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eins og henni var breytt með 39. gr. laga nr. 164/2002.

Þar segir um gjald það sem veiðimenn greiða fyrir endurnýjun veiðikorts:

„Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.“

Rjúpnarannsóknir	90.100.000
Sníkjudýr fíjúpu	200.000
Endur og gæsir	24.300.000
Vöktun refastofnsins	22.584.816
Ranns. á ferðum mlet. á 1. vetrí	4.419.000
Ranns. á ísl. villminknum	5.097.000
Áhrif netja á fugladauða	300.000
Fuglar og raflinur	600.000
Áhrif veiða á hrafnastofninn	600.000
Ath. á viðkomu og afköllum hjá grágæsum	330.000
Vortalanir á gæsum og álfum á Héraði	128.000
Áhrif veiða álundast. á afm. sv. og veiðipóll	300.000
Félagskerfi grárandá að vetrarlagi	1.642.000
Stofnbr. dílaskarsf og orsakir þeirra	600.000
Hreindýrarannsóknir	900.000
Staðs. refagrenja á Hornstr. með GPS	240.795
SKOTVÍS-námsefni	750.000
Veiðistjóri-konunn á reiðanl. veiðitalna	1.500.000
Hóflug veiði á rjúpu-hvatningarátlak	900.000
Aldursgreiningar grágæsa	2.663.400
Íslenskir sjófuglastofnar	3.600.000
Sænska rjúpnaskýrslan-Tomas Willebr.	1.057.181
Aldursgr. gæsa með fjöldum úr dvergvæng	1.000.000
Samtals úthlutanir: 163.812.192	

Staða veiðistofns lunda í Vestmannaeyjum

Lundi er mest veidda fugategundin á Íslandi og u.p.b. helmingur veiðinnar er í Vestmannaeyjum eða um 100.000 fuglar árlega að meðaltali árin 1995-2004.

Árin 2005 og 2006 varð vart við mikinn pysjudauða í vörpum Vestmannaeyja og mikla fækkuð bæjarþrymsja. Einnig dró verulega úr veiði í háf. Í ljósí þessa ástands hóf undirritaður rannsóknir á lundanum 2007. Rannsóknarsjóður veitti styrk 2008 til rannsókná á

Mikill pysjudauði varð árin 2005 og 2006 í vörpum Vestmannaeyja lunda og sandsíli 2008-2010. Um er að ræða samstarfsverkefni milli visindamanna á sex

stofnunum, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Náttúrugripasafni Vestmannaeyja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Suðurlands og Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Undirritaður er verkefnisstjóri.



Ljósmynd: Einar Guðmundsson

Höfundur er verkefnisstjóri samstarfsverkefnis visindamanna á sex stofnunum hér á landi sem miðar að því að rannsaka lunda og sandsíli.

Viðkoma 2007 og 2008

Beinir rannsóknir á viðkomu felast í mælingu tveggja þátta: (1) hlutfalli varphola sem orpið er í og (2) varþrangri. Margfeldi varphlutfalls og varþrangurs gefur ungaframleiðslu á holu (1. tafla). Vegna skorts á íslenskum gögnum eru sýndar til samanburðar hefðbundnar lýsítölur frá Bretlandi¹. Ljóst er að ungaframleiðsla er léleg bæði árin og athygli vekur mjög lágt varphlutfall 2007 (1. tafla).

Varphlutfall er metið í um 1100 holum á um 1200 m² (1. mynd). Matið

er leiðrétt með því að kanna hluta varpholanná með holumyndavél óháð varpmati og mæla þannig hlutfall rétts og rangs varpholums og reikna að því búnu leiðréttigarstuðla.

Varþrangur er mældur með endurteknu eftirliti á eggí/pysju fram að brotflugi með innrauðri holumyndavél sem sér í myrkri en er ósýnileg lundanum (2. mynd).

Varþrangur er reiknaður sem margfeldi daglegra lifslíka í þann földa daga sem varp stendur.

Lundi er aldursgreinanlegur á nefgrópum á aldursbilinu 1-5 ára^{2,3}.

Aldursdreifing 920 lunda sem endurveiddust í háfaveiði eftir að hafa verið merktir sem pysjur, af Óskari J.



1. mynd. Unnið við mælingar á holubéttleika og varphlutfalli í 25 m² mælingareit.

Sigurðssyni, vitaverði í Stórhöfða, á árabilinu 1953-1974, eru sýndar sem grænar súlur á mynd 3. 90% háfaveiði saman stendur af þrem árgögum (2-4 ára) og um 10% eru 5 ára eða eldri, þ.e. varpfuglar².

Aflí veiðimanna 2007-8 var ljósmyndaður og greindur til aldurs (4. mynd). Í ljós kom að lítið var af

Skýring	2007	2008	„Bretland“
Varphlutfall (%)	36,7 ($\pm 6,0$)	62,1 ($\pm 1,1$)	70
Varþrangur (%)	16,7 (8,9-26,6)	17,8 (13,3-22,9)	83
Ungi/par	0,063	0,110	0,58

1. tafla. Niðurstöður mælinga á viðkomu lunda í Vestmannaeyjum 2007 og 2008. Vegna skorts á íslenskum upplýsingum eru lýsítölur frá Bretlandi sýndar til samanburðar sem dæmi um „gott“ ástand.



Ljósmynd: Erpur Snær Hansen

2. mynd. Unnið við mælingar á várþárangri með holumyndavél.

Óskað er eftir því að veiðimenn hafi augun opin fyrir lundum með gulum plastmerkjum, lesi á þau og sendi á erpur@nattsud.is

eru því hverfandi litlir, sem staðfestir fyrرنefndar vísbindingar um litla ungaframleiðslu þessi ár.

Fyrir áhugasama um þessar rannsóknir vil ég vekja athygli á fyrirlestri á eftirfarandi vefsíðu: http://www.hafro.is/malstofa_video/2008/malstofa-14nov08.wmv.

tveggja ára fugli í veiðinni 2007, og lítið af bæði tveggja og þriggja ára fugli í veiðinni 2008.

Árgangarnir 2005 og 2006

eru því hverfandi litlir, sem staðfestir fyrرنefndar vísbindingar um litla ungaframleiðslu þessi ár.


Sumarið 2009
Samantekið þá hefur ungaframleiðsla lunda í Vestmannaeyjum verið mjög litil í fjölgum ár samfellt og langt fyrir neðan það sem þarf fyrir eðlilega endurnýjun varpstofnsins m.v. að dánartölur séu svipaðar og erlendis¹. Í Vestmannaeyjum er það gamall og góður síður að veiða ekki sílisfugl (varpfugl). Nú í sumar liggur fyrir að veiðistofninn (tveggja til fjögurra ára fugl) er því ekki lengur til staðar. Þegar veiði saman stendur eingöngu af varpfugli verður veiði litil og harðsött og veiðum að mestu sjálfhætt. Að góðum hefðum slepptum þá er það

ekki góð veiðisíðfræði að veiða úr varpstofni sem fer hratt og stöðugt minnkandi og er sú staðreynd óháð fjölda þeirra varpfugla sem dreppinn er.

Flestir íslenskir sjófuglastofnar lifa að stórum hluta á sandsíli. Lundi við Vestmannaeyjar étur svo til eingöngu sandsíli þegar vel árar⁴. Flest bendir til að viðkomubrestur í sandsílastofninum sé orsök hrunsins í ungaframleiðslu lunda. Ein stærsta spurningin er því að greina hvaða vandi hrjáir sandsílið! Fyrir áhugasama vil ég vekja sérstaka athygli á fyrirlestri Vals Bogasonar um rannsóknir á sandsílinu á eftirfarandi vefsíðu: http://www.hafro.is/malstofa_video/2009/malstofa-16jan09.wmv.

Litmerkingar

Ég óska eftir að veiðimenn í Vestmannaeyjum hafi augun opin fyrir lundum með gulum plastmerkjum með þriggja stafa svörtum kóða (4. mynd). Hægt er að lesa á þessi merki með sjónauka og er beðið



3. mynd. Aldurshlutföll í lundaveiði Vestmannaeyja 2007 (bláar súlur), 2008 (rauðar súlur) og til viðmiðunar er aldursdreifing lunda merktra sem pysjur í háfaveiði á árábillinu 1953-1974 (grænar súlur)².

um að senda aflestra til undirritaðs: erpur@nattsud.is eða GSM: 6633877. Jafnframt er óskað eftir því að þessum fuglum verði sleppt eftir að númerið hefur verið skráð.

Ljósmyndun afla um land allt

Ég hef áhuga á að kanna aldurssamsetningu lunda umhverfis landið, og óska eftir að áhugasamir lundaveiðimenn um land allt ljósmyndi hluta af afla sínum. Aldursgreining á veiði frá nágrenni Húsavíkur gaf t.d. vísbindingu um að nýliun lundastofnsins sé góð


á miðnorðurlandi þar sem loðna hefur verið í uppsveiflu. Aflinn verður aldursgreindur veturinn eftir og upplýsingar sendar til baka. Ef undirtektir verða góðar verða upplýsingarnar teknar saman í grein. Ljósmynda þarf a.m.k. 100 fugla, helst nokkur hundruð, vista á CD disk og senda undirrituðum í pósti. Gæta þarf þess að efrihluti nefs sé sem

Flest bendir til að viðkomubrestur í sandsílastofnинум sé orsök hrunsins íungaframleiðslu lunda.
stærst hluti myndrammans og ágætt að nota „macro“ stillingu ef hún er fyrir hendi. Heppilegt er að mynda utandryra vegna birtu

og til þess að sleppa við hægvirkja og orkufreka flassnotkun. Þægilegt að láta hausinn ávallt snúa eins á öllum myndum. Heimilisfang: Erpur S. Hansen, Náttúrustofa Suðurlands, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjum.

Heimildir


1. Harris, M.P. The puffin. Calton, England: T & A D Poyser. (1984)
2. Ævar Petersen. Astarte 9: 43-50 (1976)
3. Ævar Petersen. Ornis Scandinavica 7: 185-192 (1976)
4. Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson. Bliki 19: 1-12 (1998)



Ljósmynd: Ævar Snær Hansen

4. mynd. Litmerktur lundi með svörtum stöfum: „AA6“ á gulum grunni, hægt er að lesa þessi merki á færri með sjónauka.

BYSSUR & SKOT - TOPP GÆÐI - BOTN VERÐ



INTERSPORT
VEIÐIDEILD - OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR

Húsgagnahöllinni, Bildshöfða, sími 585 7239. Lindir, Skógarlind 2, sími 585 7262

Aldursgreining gæsa með fjöður úr dvergvæng

Hægt er að aldursgreina grágæsir með því að skoða svonefnda dvergvængsfjöður.

Við skoðun á væng fann höfundur dvergvængsfjöður á grágæs sem var frábrugðin öðrum fjöðrum og gaf aldur fuglins til kynna. Fjöður er auðfundin og sérstök í útliti. Frá 1994 hefur aldursgreiningarðerð verið í móturn og safnast hafa 2131 sýni sem skiptast nokkuð jafnt milli heiðagæsa og grágæsa. Fá sýni eru tiltæk af öðrum gæsategundum en þau benda til að sama eigi við um þær. Þá er líklegt að hægt sé að beita aðferðinni á álfirt en ekki á urtönd, stokkond og rauðhöfðaönd. Þessi aðferð gæti líka hentat til aldursgreiningar á öðrum stórum fuglum.

Undirritaður hlaut styrk úr Veiðikortasjóði árið 2008 til að vinna úr fjöðrum og vængjum sem höfðu safnast frá veiðimönnum haustið 2008. Krufning á nokkrum tugum heiðagæsa



Íslensk: Einar Guðmundur

til að kynbinda dvergvængsfjöður aldri sýndi að munur felst aðallega í lengd þar sem fjöður steegsins er lengri og speglar stærðarmun kynjanna. Ungar eru misjafnlega stórir þegar veiðisýni fast og breytileiki á dvergvængsfjöðrum milli einstaklinga er svo mikill að ekki er hægt að nota þær til kyngreininga. Fyrst og fremst er verið að leita eftir hlutfalli unga í veiði með aldursgreiningum.

Öruggast er að aldursgreina gæsi þegar maður hefur gæsina alla lifandi eða dauða. Greining á dvergvængsfjöður er



þó hagkvæm, hentug, þrifaleg og örugg aðferð til aldursákvörðunar gæsa. Fyrir vikið er líklegra að veiðimenn og aðrir sendi fiðursýni til aldursgreininga. Það kostar 20 sínum minna að senda 40 gr umslag með 100 fjöðrum en 11 kg pakka eða poka með 100 vængjum. Hægt er að beita dvergvængsaðferðinni til að ákvárdar aldur gæsa á fellistöðum þar sem gæsir eru í sárum og aðeins fjaðirnar finnast.

Dvergvængur (Bastard wing, Alula, Pumalfjaðrir, Pumalvængur) á gæsum saman stendur aðallega af 3 fjöðrum. Lengsta og ysta fjöðrin á vængnum er notuð til aldursgreiningar. Helsti útlitsmunur sem stuðst er við í greiningunni er dökkr oddmjör endi á ungfugli þ.e. una viðkomandi árs og rúnnaður endi með litlu sem engu dökku í endanum á eldri gæsum. Ungar heiðagæsir hafa ekki allar eins mjóan enda og ungar grágæsir. Í þeim tilvikum vitnar lengd fjaðrarinnar til aldurs þar sem þær eru mun styttri en á eldri heiðagæsum. Leifar af dúnþjöður standa fram úr broddi ungaþjöðra í sumum tilvikum og stundum hárfin fön. Óvissa í dvergvængsgreiningunni er þegar



Á myndinni eru 100 gæsavængir í ruslapoka og dvergvængsfjaðir af sömu vængjum í nestispoka.


fjöður líkist ungaþjöður en er af eldri fugli. Þar mjókkar fjöður í endann líkt og, en ekki eins mikil og á unganum og er dökk um fjöðurstafinn með

ljósari jaðra. Hætta er á að greina slíkt sýni sem ungfugl.

Hægt er að aldursgreina gæsi á einfaldan hátt með því að skoða svonefnda dvergvængsfjöður

Trúlega eru þetta þau tilvik sem næst ungfuglum standa í aldri, eða eftir að 14 mánaða aldri er náð, og enn bera sumir þeirra ýmis ungfuglseinkenni eins og dökka goggnohl og hafa enga eða fáar dökkar fjaðir á kviði, sem á við um grágæsir.

Mælingar á dvergvæng grágæsa sýna að lengdarmunur á fjöður úr hægri



Ótvírað greiningareinkenni unga og eldri gæsa er endalögunin á dvergvængsfjöldur. Ung til vinstri og eldri til hægri.

og vinstri væng er nánast enginn (mismunur að meðaltali 0,07 cm, n = 274) og er meðallengdin 14,8 cm. Á heiðagæsum er svipaður munur á lengd fjaðranna (mismunur 0,12 cm, n = 191) og meðallengdin er 13,8 cm.

Vafatilfelli eins og áður hefur verið nefnt þ.e. þegar ungar eru óvenju stórir, með stöku dökkráar fjaðrir á kvið og engir aðrir fuglar eða sýni eru til samanburðar, geta flokkast sem fugl á öðru ári. Jafn mikil öryggi er í aldursgreiningu gæsa með fjöldur úr dvergvæng og þegar vængbökur eru skoðaðar að mati höfundar enda

byggist greiningin á sambærilegri lögum fjaðra.

Tiltölulega einfalt er að greina tegundir gæsa á lit dvergvængsfjaðrar. Horft er eftir útlits- og litaeinkennum. Blæbrigðamunur er á gráa lit dvergvængsfjaðra grárra gæsa. Ljósastar eru þær á grágæsum, silfurblæ bregður á heiðagæsafjaðir, blesgæsafjaðir eru dekkstar af gráum gæsum. Helsingjafjaðir eru ljósgráar með svörtum fjöldurstaf og ívíð dekkri á margæs. Á kanadagæsum eru fjaðirnar nær svartar að lit með eins fjöldurstaf.

Ljósmynd: H.O.H.



Mismunandi endalögun dvergvængsfjaðra, frá vinstri: fullorðin heiðagæs, ung grágæs, ung heiðagæs, geldfugls helsingi, fullorðin margæs, fullorðin grágæs og geldfugls kanadagæs.

Í samvinnu við gæsaveiðimenn er hægt að meta aldurshlutföll frá veiðisvæðum. Hlutfall unga í veiðinni gefur ekki rétta mynd af aldurssamsetningu stofnanna. Til þess að svo væri þyrtu allar gæsir að hafa sömu likur á að veiðast, sem ekki er raunin. Ungahlutfall í veiði gefur sterkelega til kynna hvaða fuglar eru undir mesta veiðialaginu. Talið er að allt að helmingur veiddra gæsa hér á landi séu fuglar á fyrsta ári. Talsvert verk er fyrir veiðimenn að láta í té

vængi og taka þeir yfirleitt annan vænginn af hverri gæs og safna þeim saman. Vegna umfangs gæsavængja er vel skiljanlegt að veiðimenn séu ekki tilbúnir að fara með marga ruslapoka í flutningabil, jafnvel þó þeir þurfi ekki að borga undir sendinguna, og þaðan af síður í póst eða flug. Í mörgum tilvikum er farið að slá í vængina og þeir því á mórkum þess að vera sendingarhæfir. Þá vill gleymast að taka vængi til hliðar þegar gert er að gæsunum. Algengt er að hundar,

Aldursgreining gæsa með fjöldum úr dvergvæng

Dvergvængsfjöldur


Tveir heiðagæsavængir, efri að eldri gæs en neðri að unga. Örvunar benda á dvergvængsfjáðirnar og línum yfir vængþökur.

Dvergvængsfjöldur

kettir og mys komist í vængi og eyðileggi. Best er að greina fugla áður en gert er að þeim.

Ýmist er vængur tekinn af fugli við lið yst á upphandleggsbeini við olnbogabein eða við vænghnú yst á olnbogabeini. EKKI er hægt að styðjast við yfirvængþökur þegar vængur er tekinn það naumt að handflugsfjáðir fylgja bara en dvergvængsfjöldur nýtist þess í stað. Heill gæsavængur vegur um 109 grómm að meðaltali (n 174) og hálfur vængur um 45 grómm að jafnaði (n 19). Dvergvængsfjöldur vegur um 0,4 grómm að meðaltali (0,36 gr, n = 316).

Þeir veiðimenn sem hafa áhuga á að gera tilraun með að safna dvergvængsfjöldum og senda til aldursgreiningar geta sett fjáðirnar í umslag og sent á höfund og látið fylgja með samskiptaleið til að fá greiningu senda. Einungis skal senda eina fjöldur af hverri gæs og alltaf



sömu megin, þ.e. annað hvort hægri eða vinstri væng. Æskilegt er að taka fram hvar gæsin var veidd og hvenær en það er þó ekki nauðsynlegt ef veiðimenn vilja ekki gefa það upp. Heimilisfang höfundar er:

**Halldór W. Stefánsson
Miðgarði 15b
700 Egilsstaðir**

Pakkir:

Margir hafa útvegað sýni til aldursgreiningar. Veiðimenn eiga þar stærstan þátt og vonandi gerir nýja aðferðin þeim vinnuna fyrirhafnarminni í framtíðinni. Þá hafa ýmsir komið að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Þeim öllum fær ég hinar bestu þakkir fyrir.



BYSSUR.COM



Rafeindavirkinn sf


rav@rav.is 8228999

Hættusvið haglaskota

Stóru höglin geta flogið lengst og hafa lengsta hættusviðið en þau smáu hafa breiðara hættusvið heldur en þau stóru.

Haglaskot sem skotið er beint upp í loftið og fellur aftur niður er ekki hættulegt á leið niður. Ættu menn þó ávallt að varast að skjóta þannig upp í loft á bráð sé hætta á að höglum rigni yfir fólk þar sem ekki eru allir meðvitaðir um að slíkt sé hættulitið. Óþægilegt er fyrir óvana að finna höglum rigna yfir sig eða bifreiðar sínar og líklegt er að því yrði illa tekið þótt raunveruleg hætta sé lítil sem engin.

Mikilvægt er að skyttan átti sig á því að líklegt er að hluti haglanna í skotinu hafi aflagast og þau högl sem ekki halda lögum sinni eru líkleg til þess að kastast langt til hliðar. Stóri högl aflagast síður en lítil og halda því stefnunni betur og högl dreifast einnig misjafnlega eftir stærð. Það þýðir að á stuttu færri er haglasvermur lítilla hagla orðinn töluvert breiðari heldur en haglasvermur stórra hagla á sama færri.



$$\text{Óryggisfjarlægðir i m} = \text{hagl i mm} \times 100$$

Hagl nr. 1	$4,06 \times 100 = 406$ m
Hagl nr. 3	$3,56 \times 100 = 356$ m
Hagl nr. 5	$3,05 \times 100 = 305$ m
Hagl nr. 9	$2,03 \times 100 = 203$ m

Ættu að miða við að 40° til beggja handa við skotstefnu sé breidd hættusvæðisins.

Algengt er að t.d. högl nr. 7 séu búin að mynda 2,5 m breiðan sverm á 30 m færri og allt að 5,2 m breiðan sverm á 50 m færri. Til samanburðar hafa högl nr. 3 líklega myndað sverm sem er

u.p.b. 1,9 m í þvermál á 30 m færri og upp undir 3,9 m á 50 m færri.

Hægt er að finna út þetta óryggisvæði með því að rétta báðar hendur fram fyrir sig, glenna fingurna í sundur og láta þumalputtana mætast. Svæðið sem veiðimaðurinn sér hendurnar þekja með fingurna glennta í sundur er hættusvæðið og er u.p.b. 40° .

Á það skal bent að þessi gráða er ekki fullkommen trygging þess að það sem er fyrir utan hættusvæðið sé ekki í hætta, enda er ekkert alveg öruggt í meðhöndlun skotvopna.

Stóri högl hafa tilhneigingu til að endurkastast meira heldur en minni. Stálhögl og högl úr sambærilegum hörðum málum endurkastast einnig mun meira heldur en blýhögl.

Sé skotið með stálhöglum á klett eða harðan sléttan flöt, geta þau endurkastast beint til baka. Þar af leiðandi þarf að gæta sérstakrar varúðar þegar skotið er með stálhöglum. Ætti því aldrei að skjóta á sléttu fleti með stálhöglum, hvorki á veiðum né á skotsvæðum. Mörg skotsvæði bjóða upp á svokallaðar útlínumyndir (silhouette) af dýrum sem gerð eru úr stálplötum. Nota menn þær gjarnan til að æfa sig að skjóta með rifflum á mislöngu færri. Afar varasamt er að skjóta á slíkt með stálhöglum.

Greinin var áður birt í bókinni Veiðar á viltum fuglum og spendýrum eftir Einar Guðmann.




Endurkast haglaskota

Högl endurkastast ekki eingöngu af hörðum flötum. Högl geta endurkastast af vatni, mold, möl og jafnvel sandi. Lendi hagl á ójöfnu yfirborði þarf að gera ráð fyrir að þa geti endurkastast og að af því stafi töluverð hætta. Slagkraftur í höglum sem endurkastast hefur reynst vera töluverður samkvæmt rannsóknun. Geta högl þannig endurkastast um 90° og jafnvel meira og skilað nægum slagkrafti til þess að valda skaða.

Dagbók yfir skotanýtingu

Reyndir veiðimenn halda gjarnan dagbækur yfir hlutfall skotafjölda gagnvart bráð. Einfalt er að halda súlikar bækur. Er þá skrifður niður fjöldi þeirra skota sem haldið er af stað með í veiðiferð og þau talin aftur þegar heim er komið. Það segir sig sjálf að þurfi veiðimaður 40 skot til þess að fella 10 fugla er eitthvað ekki eins og það á að vera.

Hvort sem menn opinbera þessar dagbækur eða ekki, eru þær veiðimanninum sjálfum mikill fróleiksbrunnur um eigin hittni og framferði á veiðum. Það að ná hlutfallinu nálægt 2 skotum á hvern fugl fer að verða viðunandi. Það að fylgjast með þessu hlutfalli gerir veiðimanninum gott og getur verkao sem hvatning fyrir hann til að bæta sig sem skyttu. Skotanýting á veiðum er enn fremur ágætur mælikvarði á síðferði og dómgreind. Veiðimaður



ætti því mun frekar að monta sig af góðri skotanýtingu heldur en því að hafa felt bráð á svo og svo löngu skotfæri. Það að skjóta 4 endur í 5 skotum er meira afreki en að skjóta 12 endur í 40 skotum. Þegar veiðidagur er liðinn á ekki bara að gleðjast yfir útiverunni, náttúruupplifuninni og því að koma heim með villibráð á veisluborði, heldur líka því hversu góð skotanýtingin var.

- Ef hlutfall skota gagnvart felldir - Of langt skotfari.
- Veiðibráð er hærra en 3 skot fyrir hvern fallinn fugl þarf að staldra við og athuga hvað gæti verið að.
- Skefti haglabyssunar passar ekki fyrir veiðimanninn.
- Augað sem miðað er með er ekki ráðandi.
- Skotin sem notuð eru henta ekki bráðinni eða byssuni.
- Æfingaleysi skyttnar.


Mikilvægi veiðiskýrslna

Fyrir tilkomu veiðikortakerfisins var litið vitað um veiðitölur nema á ref og mink. Við stofnun veiðistjóraembættisins árið 1957 var byrjað að safna gögnum um refa- og minkaveiðar og hafa þær reynst mikilvægar fyrir alla upplýsingajöf.

Skráning veiðisvæða á veiðiskýrslu

